

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skaftárhreppi.

Breyting á deiliskipulagi íbúða- og frístundabyggðar í landi Efri-Víkur.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 26. mars 2025 breytingu á deiliskipulagi íbúða- og frístundabyggðar í landi Efri-Víkur. Breytingin fjallar um að bætt er við byggingarreit fyrir 300 m² skemmu á lóðinni Selhólavegur 2 (L224927) og gerður vegur og kvöð um aðkomu gegnum Selhólaveg 4 (L226329). Breytingin telst óveruleg þar sem um töluvert stóra lóð er að ræða og sömu lóðareigendur að báðum lóðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skaftárhreppi, 28. mars 2025.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. apríl 2025